

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/18
komudagur 17.10.2003

Drífa Hjartardóttir

From: gisljion@rhi.hi.is
Sent: 17. október 2003 13:19
To: grimsa@angling.is
Cc: Drífa Hjartardóttir; Magnús Stefánsson; Einar Oddur Kristjánsson; Guðmundur Hallvarðsson; Anna Kristín Gunnarsdóttir; Dagný Jónsdóttir; Jón Bjarnason; Lúðvík Bergvinsson; Þórunn Sveinbjarnardóttir; Magnús Þór Hafsteinsson; Guðni Ágústsson; guðmundur.b.helgason@lan.stjr.is; Óli Frikk; Sigríður Norðmann; halldor.runolfsson@lan.stjr.is; Arni Isaksson
Subject: Athugasemdir við álitserð

Heil & sæl.

Ég vil leyfa mér að gera alvarlegar athugasemdir við álitserð Lex ehf. lögmannsstofu, "um heimildir landbúnaðarráðherra til að banna eða takmarka innflutning á eldisdýrum eða mæla fyrir um einangrun þeirra við innflutning", sem unnin var að beiðni Landssambands veiðifélaga.

1. Einangrun innfluttra eldisdýra: Í fyrsta lagi leyfi ég mér að mótmæla niðurstöðum lögmannsstofunnar sem birtast í lokasetningu efst á bls. 5. Þar segir: "*Krafa um að innflutt eldisdýr verði sett í einangrun við innflutning verður því, að mati undirritaðs, ekki byggð á 13. gr. laga um innflutning dýra.*"

Þetta er alröng niðurstaða og byggir eflaust á misskilningi á þeim leikreglum sem eru í gangi innan EES. ESB gerir stóran greinarmun á **sóttvarnarstöð** ("quaranteen station") og **einangrunarstöð** ("isolation"). Þetta virðist höfundur álitserðarinnar ekki átta sig á. Okkur er ekki heimilt að fyrirskipa að innflutt dýr/erfðaefni verði sett í sóttvarnarstöð, sú aðgerð er túlkuð sem íþyngjandi fyrir innflytjanda ef allir pappírar uppfylla sett skilyrði. Dæmi um sóttvarnarstöð í þessum skilning er stöðin okkar í Hrísey, þar sem starfa sérstakir starfsmenn undir eftirliti sóttvarnardýralæknis. Mikil fyrirhöfn og kostnaður fylgir slíkum álögum.

Allt annað gegnir um **einangrunarstöð**. Okkur er full heimild að gera þá kröfu að allur innflutningur fari um slíka einangrun. Slíkri einangrun er komið upp í samvinnu við innflytjanda og oftast innan svæðis þess fyrirtækis sem flytur inn. Þessi ráðstöfun hefur ávallt verið í gildi þegar innflutningur hefur verið heimilaður á liðnum áratugum og munu fisksjúkdómayfirvöld að sjálfsögðu viðhalda síkum kröfum í framtíðinni. Þessi ráðstöfun þykir ekki um of íþyngjandi af hálfu ESB og því eru þessar kröfur heimilaðar, eins og 13. grein laga nr. 54/1990 *um innflutning dýra* gerir beinlínis ráð fyrir. Dæmi um slíkar ráðstafanir á liðnum árum eru t.d.:

- a) Innflutningur á lifandi risarækju frá Nýja-Sjálandi árið 2003 (er nú í sérstakri einangrunarstöð í Höfnum).
- b) Innflutningur á þorskhrögnum frá Írlandi á vegum Hafró vorið 2003 (sérstök einangrunarstöð í Sandgerði).
- c) Innflutningur á sandhverfuhrognum frá Frakklandi sumarið 1999 (sérstök einangrunarstöð í Tálknafirði).
- d) Innflutningur á lifandi sæeyra frá Japan haustið 1996 (sérstök einangrunarstöð í Vogum).
- e) Innflutningur á barrahrognum frá Frakklandi á árunum 1994-2001 (sérstök einangrunarstöð á Sauðárkróki).

...og svona mætti áfram telja. Þessar einangrunaraðstöður eru settar upp undir eftirliti dýralæknis fisksjúkdóma og þaðan fær ekkert að fara út fyrr en gengið hefur verið úr skugga um að ekkert dulið smit hafi borist með innfluttum efnivið. Allt frárennsli frá slíkri einangrun er sótthreinsað.

Ég ítreka því enn og aftur að öll innflutt eldisdýr/erfðaefni verða sett í slíka einangrun ef til innflutnings kæmi, sem byggir á 13. grein laga *um innflutning dýra*.

17.10.2003

2. Öryggisákvæði: Í öðru lagi dregur álitshöfundur úr mikilvægi þeirra öryggisákvæða sem fisksjúkdómayfírvöld geta gripið til, sbr. túlkun á bls. 5. Með bráðabirgðalögum nr. 103/2003 var bætt við viðtæku öryggisákvæði sem heimilar takmarkanir á inn- og útflutningi ef sjúkdómahætta er fyrir hendi (11. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim). Með nýrri reglugerð nr. 526/2003 um skilyrði á sviði dýraheilbrigðis sem áhrif hafa á markaðssetningu eldisdýra og afurða þeirra, er þetta öryggisákvæði undirstrikað í 18. grein.

Um leið og samræmdar eftirlits- og rannsóknarleikreglur með fisksjúkdómum innan alls EES tóku gildi hér á landi (með tilkomu bráðabirgðalaganna) varð okkur loksins kleyft að koma á framfæri og fá formlega staðfest þá góðu sjúkdómastöðu sem við búum við hér á landi. Þessar viðurkenningar ESB byggjast á ítarlegum og reglubundnum sýnatökum og rannsóknum hér heima allt frá árinu 1985. Með formlegri viðurkenningu fáum við loksins upp á borðið hið sannanlega sjúkdómaástand, en sú staða er einsdæmi á norðurhveli jarðar. Ef yfírvöld hafa minnsta grun um að þessari stöðu verði ógnað, t.d. með umsókn um innflutning, þá hafa hin sömu yfírvöld fulla heimild til að grípa til þessara öryggisákvæða. Og ég get fullyrt að fullur skilningur er á slíkum ráðstöfunum innan EES ef til þess þyrfti að koma. Menn gera sér meira og meira ljóst mikilvægi slíkra "hreinna" svæða og endurspeglast það ekki síst í aukinni eftirspurn erlendra ríkja eftir íslensku erfðaefni. Þessa stöðu munu íslensk yfírvöld verja með öllum tiltækum ráðum. Aldrei yrði litið á slíkan neyðarrétt sem "gerræðislega mismunun" eða "duldar hömlur", eins og álitshöfundur vill meina. Okkar rökföstu sannanir og rannsóknarniðurstöður, ásamt formlegum viðurkenningum ESB/ESA, eru nægjanlega haldföst í þeim efnum. Ekkert annað ríki státar af slíkum rannsóknarniðurstöðum og er ekki hægt að segja að við föllum alfarið undir "almennar reglur sem gilda um viðskipti á EES-svæðinu", eins og segir í álitserðinni.

Virðingarfyllst;
 Gísli Jónsson
 dýralæknir fisksjúkdóma
 embætti yfirdýralæknis
 Tilraunastöð Háskóla Íslands
 Keldum
 112 Reykjavík

Þorsteinn Þorsteinsson wrote:

Sent til fróðleiks. Kveðjur.Þorsteinn.